

Fundargerð 112. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 29. mars 2017 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Guðmundur Helgi Þórarinsson, Símon Guðvarður Jónsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Andrés Bjarnason, Þorsteinn Hjálmarsson og Örn Friðriksson.

Í gengnum fjarfundabúnað: Guðni Þór Elísson

Fjarverandi: Guðmundur Sigurvinsson og Jón Jóhannsson

Dagskrá :

1. Yfirferð og undirritun ársreikninga VM
Ásbjörn Björnsson endurskoðandi.
2. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 111
3. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
4. Aðalfundur VM 7. apríl 2017
 - a. Stjórnarlaun (breyting)
 - b. Laga- og reglugerðabreytingar
 - c. Uppstillinganefnd
 - d. Annað
5. Lagt fram til upplýsingar

Önnur mál

1. Yfirferð og undirritun ársreikninga VM

Formaður setti fundinn, bauð Ásbjörn Björnsson endurskoðanda velkominn og gaf honum orðið. Reikningurinn var síðan samþykktur einhliða, Guðni Þór samþykkti með handaupprettingu í gegnum fjarfundarbúnað.

2. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 111

Fundargerð samþykkt og undirrituð

3. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

1. Ársskýrslan fer inn á heimasíðu félagsins fyrir helgi sem og allir reikningar og öll gögn fyrir aðalfundinn.

2. Bókin um sögu Vélstjórstéttarinnar er komin til landsins amk. sýniseintök og næst er að ákveða dagsetningu fyrir útgáfuhóf.
3. Félag leiðsögumanna ætlar að leigja af okkur rýmið sem JE Skjanni var í og flytja inn í lok apríl.
4. með peningana okkar úr bankanum.
5. Stundin mun fjalla um laun verkalýðsforingja á næstunni. Umræður urðu um ASÍ, greiðslur til þeirra og í hvað þær fara. Formaður ætlar að koma með ársreikning ASÍ á næsta fund.
6. Matvís og RSÍ vilja fá okkur á Dverghöfðann. Þessi tillaga kom inn á stjórnarfund um daginn og var þá hafnað.

4. Aðalfundur VM 7. apríl 2017

a. Stjórnarlaun

Rætt var um að stjórnarlaunin dekki ekki það tap sem menn verða fyrir þegar þeir mæta á stjórnarfund. Tillagan var samþykkt og verður lögð fyrir aðalfund.

b. Laga- og reglugerðabreytingar.

Umsögn er komin um tillögu um breytingu á formannskjöri og fer inn á heimasíðuna með öðrum gögnum.

c. Uppstillinganefnd

Tillaga að uppstillingarnefnd var lögð fram og samþykkt.

d. Annað

Ekkert var lagt fram undir þessum lið.

5. Lagt fram til upplýsingar.

- Samningur við Dalbúa
- Sundurliðun sem óskað var eftir á greiðslum til Dalbúa síðustu ár.
- Gildistími samninga VM
- Leigusamningur við Félag leiðsögumanna – uppkast.
- Samkomulag um framkvæmd á framlagi atvinnurekenda
- Fréttatilkynning um ráðstöfun 3.5% viðbótarframlags..
- Málþing um félagsaðild, félagssvæði og samningssvið

6. Önnur mál.

Greiðslur til félagsmanna fyrir störf þeirra fyrir félagið. Tillaga kom um að fella út hluta af texta í lið 3.3. – ~~og er greitt samkvæmt texta ferðakostnaðarnefndar ríkisins.~~ Tillagan var samþykkt

Ársfundur Gildis. Við eigum 4 fulltrúa og erum með 4 til vara sem allir eru tilbúnir að sitja áfram. Formaður ræddi um breytingatillögur sem lagðar verða fyrir ársfund Gildis en fjallað verður um hana á lífeyrisnefndarinnar. Umræður voru um lífeyrismál.

Spurt var um hvenær upphæðir styrkja úr sjúkrasjóði hefðu verið uppfærðar síðast. Það hefur allt hækkað svo mikið. Upplýst var að á fundi 2012 var rætt um tilgang styrkja og áveðið var að leggja áherslu á dagpeninga til félagsmanna í veikindum og

að styrkirir væru bara bónus. Stjórn sjúkrasjóðsins mun núna fara í að endurskoða þetta til að rétta sjóðinn af fjárhagslega.

Fundi slitið kl. 14:50